

Nefndasvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Akureyri, 1. febrúar 2006

Tilvísun: *Bréf menntamálanefndar dagsett 12. desember 2005 þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, 331. mál.*

Háskólinn á Akureyri fagnar fram komnu frumvarpi til laga um Stofnun íslenskra fræða. Það verður að teljast líklegt að fyrirhuguð stofnun efli rannsóknir á sögu íslensku og á íslenskum bókmenntum. Það verður einnig að teljast líklegt að þessi stofnun efli Háskóla Íslands sem rannsóknasetur íslenskra fræða. Háskólinn á Akureyri fagnar því sérstaklega að stefnt er að því að stofnunin auki tengsl sín við aðra háskóla en Háskóla Íslands. Það er full þörf á að skoða stofnanaumgjörð rannsókna og varðveislu á þessu sviði og sú tillaga sem í frumvarpinu felst virðist líkleg til að stuðla að framþróun á þessu sviði.

Það er rétt að nefna þrjú atriði sem gætu komið í veg fyrir að markmið frumvarpsins næðust. Það fyrsta er að það er alltaf erfitt að sameina ólíkar stofnanir og ýmis vandamál geta komið upp sem ómögulegt var að sjá fyrir. Þau geta þýtt aukin útgjöld. Í öðru lagi væri ástæða til að leggja áherslu á að Íslensk málnefnd fengi fjármagn til að stunda rannsóknir á íslensku nútímamáli. Íslenskri málefnd er ætlað að gera tillögur um málstefnu og á að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Til að geta sinnt þessum tveimur hlutverkum skynsamlega þarf nefndin að hafa aðgang að reglulegum rannsóknum á íslensku nútímamáli sem vel er vandað til. Í þriðja lagi er í 6. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að starfsmenn þessarar nýju stofnunar leiðbeini meistara- og doktorsnemum og kenni námskeið á sérsviði sínu eftir því sem semst um við Háskóla Íslands. Það virðist engin sérstök þörf á því að binda slíka samninga með lögum við Háskóla Íslands. Rannsóknir og kennsla í íslensku eru stundaðar við Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Það er ekkert útilokað að þessi háskólar leiti eftir því við hina nýju stofnun að starfsmenn hennar taki að sér kennslu eða leiðbeiningar með meistara- og/eða doktorsnemum. Þetta gætu háskólar í öðrum löndum einnig gert. Þá er ástæðulaust að gefa því undir fótinn að stofnunin hafi einungis heimild til slíkra samninga við Háskóla Íslands. Það er því tillaga Háskólans á Akureyri að síðasta málsgrein 6. gr. hljóði svo: „Starfsmenn stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeina stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenna í námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við háskóla á Íslandi eða annars staðar.“

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor